



Steinn
Arnbjörg
og stórfutbolistin

Mér var falið að setja saman efnisskrá fyrir kammertónleika SN vorið 2023. Það var gaman!

Ég sé hlutverk sinfóníuhljómsveitar fyrir mér sirka svona: Stíga rækilega niður í fortíðinni til að lyfta okkur inn í framtíðina. Þess vegna valdi ég gamalt verk úr klassísku evrópsku hefðinni og ný verk samin á Íslandi. Allt verður þetta svo að einhverju í nútíðinni: við spilum og hlustum. Þess vegna valdi ég skemmtilega tónlist.

Auk þess að teikna kammertónlistarmynd af Sinfóníuhljómsveit Norðurlands mátti ég draga smá portrett af sjálfri mér sem tónlistarmanneskju. Ég sem tónlist og ljóð. Ljóð og lög eftir sjálfa mig eru því hluti tónleikanna. Sönglöggin voru öll samin fyrir Eyjólf Eyjólfsson.

Ástin heldur að ég sof var samið 2019. Það var hluti af tónleikum með miklu af gamalli tónlist sem var öll á Frönsku og Ítölsku. Mig langaði að eitthvað yrði þar nýtt og á Íslensku. Svo ég þýddi ljóðin úr tveim gömlu laganna og samdi ný lög við þau. Lag við ljóð úr ljóði úr lagi.

Strengjakvartettinn *Fløwen* samdi Véronique Vaka 2020. Ég hef áður spilað kammer-tónlist eftir hana, og unnið með henni við ljóðagerð fyrir sönglög. Hún býr á Stokks-

eyri og er frá Québec, Frönskumælandi hluta Kanada, en ég bjó lon og don í Frakklandi. Við erum svona Íslensk-Frönskumælandi tvíeyki og alltaf gaman að vinna með henni. *Fløwen* er frábærlega spennandi viðfangsefni, dans á jaðrinum þar sem skrifuð tónlist mætir spuna.

Um ástina og *Lítill börn* samdi ég fyrir Eyjólf og Nordic Affect 2020. Hljóðfæraskipan var þá barokkfíðla og -selló og semball. Nú hljóma löggin í nýrri kvintettútsetningu og fá þannig spánnýjan SN-hljóm. *Um ástina* fjallar um ást á lífnu en *Lítill börn* um ýmislegt sem maður vorkennir litlum börnum fyrir.

Strengjakvintettinn eftir Schubert er svo bara ekta djúsi, gott kammerefni. Tónverk sem mér finnst mjög SN-legt og datt strax í hug þegar ég var beðin að setja saman efnisskrá dagsins. Schubert samdi kvintettinn árið 1828, en dó tveim mánuðum seinna. Kvintettinn var ekki frumfluttur fyrr en 1850. Nú spilum við hann enn því hann er gott lag.

Það er ævintýri að prógrammera og spila með þessu bandi. Takk fyrir mig og verði ykkur að góðu!

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Efnisskrá:

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir (1981) | *Ástin heldur að ég sofí*

Véronique Vaka (1986) | *Flöwen*

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir | *Um ástina*

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir | *Lítill börn*



Franz Schubert (1797-1828) | *Strengjakvintett í C-dúr, D. 956*

I - *Allegro ma non troppo*

II - *Adagio*

III - *Scherzo*

IV - *Allegretto*

Eyjólfur Eyjólfsson	tenór
Greta Salóme Stefánsdóttir	fiðla
Marteinn Jakob Ingvason Lazarz	fiðla
Eydís S. Úlfarsdóttir	víola
Ásdís Arnardóttir	selló
Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir	selló

Ljósatextar

Ástin heldur að ég sofi

Ástin heldur að ég sofi
en ég dey.
Kallar ástin þetta svefn,
að sjá mig kveljast svo mjög
að það er lifandi að deyja
eða óaftátanlega deyjandi lifa?
Ástin heldur að ég sofi
en ég dey.

*Úr sönglaginu Amour pense que je dorme
eftir C. de Sermisy, 16. öld*

Þýðing: S.A.S.

Um ástina

Augu mín vildu ekki vera hindaraugu.
Naglalakk handa minna afhöggvinna lýsir
eins og nætursól á daghimni.
Undan grjóthlaðanum syng ég:
Húð mín, vöðvar, blóð,
óhindrað elska ég ykkur
um aldur,
um aldur
elska ég ykkur.

S.A.S.

Lítil börn

Lítil börn eiga ekki alltaf sjö dagana sæla.
Stundum þurfa þau að leika sér hjá þvottalaugum
sem þau detta í.
Stundum eru þau oft lamin í lappirnar
með belti.
Stundum fara þau á leikskóla.
Stundum þykir engum vænt um þau.

S.A.S.